

Hafnarfirði 5. maí 2014

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar  
Ráðhús Hafnarfjarðar Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Málefni: Umgengni og umhirða í frístundahúsabyggð Sléttuhlíð

Þann 23. apríl 2014 var haldinn stjórnarfundur félags sumarhúsaeigenda Sléttuhlíð

Þar kom fram að fjölmargir eigendur frístundahúsa í Sléttuhlíð hafa haft samband við stjórn Félags sumarhúsaeigenda í Sléttuhlíð og óskað eftir að komið væri á framfæri við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði eftirfarandi athugasemdum varðandi viðhald og umgengni um malarveginn inn að Sléttuhlíðinni.

1. Beiðni: Óskað eftir að komið sé upp nokkrum skiltum á akveginum inn í Sléttuhlíð sem bannar umferð hesta.

Rökstuðningur:

Til samræmis við gildandi deiliskipulag er ekki gert ráð fyrir að hestar og bílar séu á sama veginum að frístundarhúsunum. Hestaumferð hefur aukist mjög mikið um veginn sem truflar bæði gangandi og akandi umferð um veginn. Jafnframt er talið að slys geti hlotist af þar sem vegurinn er mjög krókóttur og umvafinn miklum trjágróðri, og hestarnir því ekki alltaf sýnilegir fyrir en komið er fyrir horn á veginum. Bílar hafa þurft að hemla snögglega í lausamölinni og við það geta hestarnir fælst. Þá er mikill hestaskítur á veginum og aukið ryk samfara hestunum sem er til mikilla ama fyrir gangandi vegfarendur en þeir eru allmargir sem ganga þennan veg. Sumarhúsaeigendur sem eiga sumarhús nálægt veginum verða einnig fyrir mikilli rykmengun frá veginum vegna hestaumferðar.

2. Beiðni: Auka þarf viðhald og umhirðu á veginum allt árið og garðyrkjustjóri bæjarins snyrti trjágróður meðfram þessum vegum til að öryggi vegfarenda sé tryggt.

Rökstuðningur:

Nú þegar vorar er vegurinn orðinn mjög holóttur og því nauðsynlegt að fylla í holurnar. Í vetur var mikill klaki á veginum og hann mjög háll og erfiður yfirferðar, einkum í vætu. Þar sem hann er hæðóttur og krókóttur getur skapast mikil slyshætta þegar hann er ekki sandborinn. Trjágróður er einnig orðinn til töluverða vandræða og er illa hirtur og vex víða inn á veginn, bæði við Kaldárselsveg og veginn upp í Sléttuhlíð.

F.h. sumarhúsaeigenda í Sléttuhlíð er þessum athugasemdum hér með komið á framfæri við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði og óskað eftir úrbótum.

Stjórn félags sumarhúsaeigenda í Sléttuhlíð